

kostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálfutningsmannanna Eggerts Claessen og Magnúsar Sigurðssonar, 15 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. dag febrúarmán.

Nr. 54/1910:

Þorsteinn Gíslason ritstjóri
gegn

Birni Kristjánssyni og
Birni Sigurðssyni bankastjórum.

D ó m u r:

Mál þetta höfðu hinir stefndu bankastjórar Landsbanka Íslands fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfryjandnum, ritstjóra blaðsins Lögréttu, fyrir meiðyrði í grein einni með höfundarmerki »G« í 26. tölublaði V. árgangs blaðsins, er út kom 25. maí f. á., en yfirskrift greinarinnar er »Reikningur Landsbankans«. Var málið dæmt í téðum rétti 18. ág. f. á., með þeim úrslitum, að áfryjandinn skyldi samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga greiða sekt til landssjóðs 80 krónur, eða til vara sæta einföldu fangelsi í 12 daga, og hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk. Svo skyldi og áfryjandi greiða stefndu í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. sept. f. á., og krafist þess, að dóminum verði hrundið og hann algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda, eða til vara, að sektin verði færð

niður svo sem hægt sé, og að hvernig sem málið fer, verði honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum; hinir stefndu hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 31. okt. f. á. og krafist þess, að aðaláfrýjandinn verði dæmdur í þyngstu refsingu sem lög heimila, en til vara, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, en hvernig sem málið fer, krefjast þeir málskostnaðar fyrir báðum réttum hjá aðaláfrýjanda.

Í fyr um getinni grein í Lögréttu er sagt frá því, að í reikningi Landsbankans fyrir 1909, þá nýútkomnum, telji bankastjórnir tap bankans árið 1909 hafa orðið einar 15000 krónur, og sé með því fengin óvefengjanleg sönnun fyrir því, að rannsóknarnefndin, ráðherra og Ísafold hafi farið með ósatt mál, er þau sögðu tap bankans full 400 þúsund kr. Það einkennilegasta í öllum þessum reikningum sé þó það, að bankastjórnir þvert ofan í lög og reglugjörð bankans þrískifti varasjóðnum og leggi 385 þúsund krónur af honum móts við áætlað tap á útistandandi skuldum á næstu árum. Með þessari tilfærslu sé það óvefengjanlega sannað í sjálfum bankareikningunum, að allt tal rannsóknarnefndarinnar og ráðherra um hið mikla tap bankans sé ekki annað en spádómur og getgátur. Og þá koma hin átöldu orð: »Eg trúi því mjög vel, að bankastjórnin, sem nú er, geti látið bankann tapa langt um meira en 385 þús. kr., en það er gleðilegt að sjá það af reikningi hennar, að hún treystir sér eigi til að láta hann tapa hærri upphæð«.

Áfrýjandinn, sem ber ábyrgð á hinum umstefndu ummælum, þar sem greinin er nafnlaus, heldur því fram, að í orðunum felist eigi annað en það, að greinarhöfundurinn trúi því, úr því að bankastjórnir segi það sjálfir,

sbr. umtalaðan reikning bankans, að þeir geti látið bankann tapa þessum 385000 krónum og treysti hann þeim þar af leiðandi til þess. En í þessu liggja ekkert álit um, að tapið muni verða »af ráðnum huga« né nokkurt álit um vilja eða ósk stefndu um tapið. En þessi vörn áfrýjanda styðst ekki við neitt í málinu. Tilfærslan í bankareikningnum, sem hann vitnar til, er í greininni orðrétt þannig: »Áætlað fyrir tapi á útistandandi skuldum á næstu árum kr. 385000«, en með henni hafa bankastjórnarnir alls enga yfirlýsingu gefið um það, að þeir geti látið bankann tapa þessum kr. 385000, þar er að eins gjört ráð fyrir, blúist við, að bankinn muni tapa þessari uppbæð á næstu árum. Þar sem nú í hinum átöldu orðum er lagður, alveg að ástæðulausu, eftir því sem ráðið verður af málinu, sá skilningur í nefnda tilfærslu í bankareikningnum, að hún sýni að hinir stefndu treysti sér eigi til að láta bankann tapa hærri upphæð en þar er tilfærð, þá liggur í þessu ótvíræðleg aðdróttun um það til hinna stefndu, að þeir hafi jafnvel viljað hafa viðleitni til þess að bankinn tapaði meiru en hinum áætluðu 385000 kr. ef þeir hefðu séð sér fært að láta hann gera það, en sú aðdróttun er freklega meiðandi fyrir menn í stöðu hinna stefndu, og ber því að fallast á það, að hin átöldu orð eru dæmd dauð og ómerk í bæjarþingsdómnum, og að áfrýjandinn er dæmdur í refsingu fyrir þau samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, er þykir hæfilega metin 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 16 daga einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkist og ber áfrýjandanum einnig að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandinn Þorsteinn ritstjóri Gíslason greiði í sekt til landssjóðs 100 krónur, en sæti, ef sektin er eigi öll greidd í ákveðinn tíma, 16 daga einföldu fangelsi. Að öðru leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfryjandinn hinum stefndu Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni bankastjórum 25 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögregri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 6. dag marzmán.

Nr. 59/1910.

Einar M. Jónasson
gegn

Birni Kristjánssyni og Birni
Sigurðssyni bankastjórum
fyrir hönd Landsbankans.

D ó m u r :

Í marzmánuði 1909 sendi stjórn Landsbanka Íslands áfryjanda þessa máls, Einar M. Jónasson yfirréttarmálaflutningsmann, vestur í Ólafsvík til þess að innheimta hjá bændaverzluninni Einar Markússon & Co. 15,000 kr. skuld til bankans. Til tryggingar þessari skuld lét áfryjandi kyrsetja útistandandi skuldir bændaverzlunarinnar og við þá gjörð fekk hann í hendur verzlunarbækur og ýms skjöl og skilríki, sérstaklega samninga snertandi skuldir þessar. Með umboðsskjali, dagsettu 14. apríl s. á., fól bankastjórnin